



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 95. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 14. mars 2011 kl. 9:00 í húsakynnum ÍSOR.

Mætt: Bjarni Pálsson, varaformaður, Ásgeir Margeirsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ragna Karlsdóttir og Sigurður M. Garðarsson. Forföll: Jakob S. Friðriksson, formaður.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Ársreikningur 2010 og fjárhagsáætlun 2011

JM kynnti drög að ársreikningi fyrir árið 2010, þar sem halli á rekstri félagsins nemur kr. 103.524, en eiginfjárstaðan á efnahagsreikningi er jákvæð í árslok 2010 um kr. 2.980.974. Innheimta félagsgjalda hefur ekki gengið mjög vel í ár og ákveðið var að stefna á að færa innheimtu félagsgjaldsins í bankaþjónustu. Samþykkt að leggja til óbreytt félagsgjöld frá fyrra ári (kr. 25.000 fyrir stofnanir og fyrirtæki, kr. 3.000 fyrir einstaklinga og frítt fyrir ellilífeyrisþega), nema hvað gerð verður tillaga um að gjaldið verði kr. 1.000 fyrir námsmenn. Ársreikningurinn var samþykktur af stjórninni, sem og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 þar sem gert er ráð fyrir að félagið verði rekið með 10 þúsund króna afgangi árið 2011.

3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

GAS kynnti drög að tillögu stjórnar með greinargerð, þar sem lagðar eru til breytingar á 5. og 7. gr. samþykktu félagsins, í því skyni m.a. að gera stjórn kleift að samþykkja nýja félagsmenn (en þeim ekki vísað til aðalfundar eins og gert er ráð fyrir í samþykktum). Drögin samþykkt.

4. Dagskrá aðal- og vorfunda JHFÍ 12. apríl 2011

Ákveðið að leggja til að RK stýri aðalfundi og GAS verði fundarritari, RK mun einnig stýra vorfundinum. RK og JM munu hætta í stjórn, GAS mun gefa kost á sér til endurkjörs. Stjórn er kunnugt um tvo aðila sem gefa kost á sér til stjórnarsetu, Magnús Ólafsson hjá ÍSOR og Claus Ballzus hjá Mannviti. Áfram var rætt um dagskrá vorfundar sem stjórnarmenn munu ganga frá á næstunni, en þemað verður spurningin *Stendur jarðhitinn í stjórnkerfinu?*

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:05. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
